


CELIDONIUS

SÍÐASTA
LJÓÐABÓK
SJÓNNS



celidonium

síðasta ljóðabók sjóns



síðasta ljóðabók sjóns

© celidonius

Kápa: Frania Frankowska

Umbrot: Sjasta Breki

Nýhil, Reykjavík 2008.

ISBN 978-9979-9896-2-2

Þessa bók má eigi afrita nema með
framsæknum hætti, svo sem með
erfðagreiningu og stofnfrumrannsóknnum
og karíókívélum, nema ef stjórn FME sér
hagfræðilegar forsendur fyrir öðru.
Getur höfundurinn efast um gildi
ídduhagfræðinnar og markaðarins?

síðasta ljóðabók sjóns

um nætur

um nætur
þegar bjöllur hefja sig
yfir ljóðið í okkur
og þú í mér
og ég í þér
læsisst þyrping brodda
í okkur samanbrotin
brotin saman svo við
höldumst tryggilega
saman á okkar stað
sorfnum kletti
hlustum á hafið
kjömsum af áfergju
á lafum og ríðum
yfir allt Egyptaland
áður en við leysumst upp
og semjum um
að endurtaka leikinn
næstu nótt

(máría) (máría)

að skilja tilveruna með augum hins vangefna
er engin sérstök áþján
margir kynnast fulltrúa furðulegra hluta
ég lifi auðvitað með því

bara biddu hana Máríu að koma
með augun mín á kertastjökum
svo ég megi losna undan þeirri furðu
að biðjast slíkra greiða

Ó dagur

I.

um leið og himinninn vakti mig
og dreif mig á lappir
reyndi ég að skakklappast aftur upp í rúm
haldinn gríðarlegum órum
en gat ekki hreyft mig
nema í tvær áttir
umhverfis skrifborðið
á miðju gólfinu

eins og gömul strengjabrúða
gekk ég grímulaust burt
með skóreimarnar flæktar
í dagrenningunni

II.

„helltirðu yfir mig
hvíttri málningu
í myrkrinu?“
spyr hún

ég er að truflast
en henni þykir ekki mikið
til þess koma

ég má ekki hreyfa mig

tímamót

eftir stutta þögn
barst mér
andardráttur þinn
sem bænakvak
skreið af æsingi
fram og aftur
reyndi að átta mig
hvaðan hann kæmi

þú skelltir mér flötum
rakst hæl
milli liða í mjóhrygg
og hófst að sjúga
það sem nýtilegt var
meltingarvökvinn
leysti mig upp

vélritun

við vélrituðum átómatískt
úr svo ljósu efni
að fór um stórborgir
samráðið var örvandi

hittumst reglulega
en ég fór út til að afla

það var gert um leið þótt
ekki væri hægt að bjóða fólki
upp á þetta

konurnar úr volgu gleri
börnin og læknarnir
sakleysislegir

lögregluþjónarnir tunguskornir

að drekka blek

ég hef verið að gefa orð mín
með litlum árangri
ég er hunsaður af öllum
og það er gefið í skyn
að ég gangi ekki heill til skógar
ástæðan fyrir þessu er:

það sjást engir skuggar
í birtunni bara vindhviður
sem bera lykt og neista
af laufum

(heima er sinubruni)

best er að sæta færiss
að næturlagi
skrallið rétt að byrja
en fólkíð farið að kikna
undan stuðinu
ég sting fótunum fram
tilbúinn til árásar
og hyggst fylla danssalinn
af blekþöllum sem
kafa léttilega djúpt
undir lúsuga hundspófa
undir mósaiklögð borð
undir rauðbláhvítri
skattasvuntu slátrarans

ég er að hugsa um að drekka blek

vetrarmorgunn

hreistraður fákur hleypur niður augnlok mín
og leggur niður næfurþunnar blæjur
lykt af lirfum berst fyrir hornið
og býr til falleg sár við brjóst mitt
fiskar við hvern fingur
og með dúfur í ermunum
í langröndóttum náttslöpp
í myrkrinu

og ljósinu

og öfugt

rökkur

í gegnum rökkrið
í vinstra auganu
lagðirðu svört laufblöð
og raddir þeirra
gráta mér blóm í auga
gegn rökkri þinna

hljóðbylgjur skuggasafnarans

skuggi sker sig frá myrkrinu
skuggi sem þú skimaðir eftir
í myrkrinu en fannst aldrei

þú reyndir að fanga hann
með rauða segulbandstæki bróður þíns
en það fylgja því ægilegar þrautir
að túlka myrkur með hljóðbylgjum

(en ekki ómögulegt)

ég seildist í vasann eftir kassettu
sem pabbi þinn átti
og lagði í lófa þér
„hlustaðu og hlustaðu meira
þar til þú hættir að geta hlustað“

ég sagði nafn föður þíns hratt
aftur og aftur og spígsporaði á milli
þín og skuggans
hörund mitt bylgjaðist eins og tunga
í handarkrika
hæð tunglsins kallaði á frekari aðgerðir
og skugginn varð vitfirtari og vitfirtari
lengdist og lengdist
og féll inn í myrkrið aftur

eldhúsborð

þar sem tungumálið er tekið á beinið
leikið sér með hugmyndir og orðin
á þeirri ferð sem hófst við hawaii-rós
hvíla vatnaskrýmsli og hlægilegir pokaprestar
gnostískar veraldir skítalabba

í myrkrinu þegar slokknar á kerti
í vöku yfir líki ómennskunnar
líður engum vel nema
skuggaböldrum

í forstofu sveinbjörns

dyrnar opnast
gestur smeygir sér
framhjá
framhluta húsráðanda

svo hörfa þeir báðir

gesturinn spennist upp
og húsráðandi nær
heljartaki á hnakka hans

býður svart vín
sem drýpur
eins og foss
inn um varir
beggja

sko nú líturðu miklu betur út!
já já en hvað með það Sveinbjörn?

araknóflía

könguló vekur mig
með höggi
milli augnanna
og þýtur í burtu
skugginn af henni
fer um salinn
stærð hans
gerir andartaks hlé
á smæð hennar
og ég fæ það sterklega
á tilfinninguna
að ég þurfi að nálgast hana

fer á fjórar fætur
með silfur og gítar
í kjaftinum
skríð áfram
í seilingarfjarlægð
lyfti ég framfótunum
svo skín á gjafirnar
hún nartar í þær
og ég smeygi mér undir
hana í snarheitum

hún baular fallega
köngulóin

heimkoma

taktu borðfót ég er nýkominn heim
þar búa börnin sem hlustuðu
eins og snjóbreiða

þung og fuglsleg
af regnbogalitu hári
þau eru græn andlit á glugganum

í höndum þínum
í svörtum augum þeirra
engin undarleg hús

Þungir brauðmolar

við sátum úti á svölum
og reyktum sígarettur
köstuðum stubbunum fram af
svo þeir þöktu götuna

og krakkarnir úti bjuggu
til engla í hrúgunni
og hrópuðu:

vindlar handa litlum börnum!

eins og við
höfðum reiknað með

gáfum þeim nöfn
áður en þau hurfu
í öskuna

hýsilinn

I.

bljóðsjúgandi hundamítlar að baki mér
sleppa ekki takinu
hvorki af minningarbrotum né fréttum

óseðjandi fylga mér heim
á degi jafnt sem nóttu
þeir hanga í mér
snapandi sér í svanginn
þeir eru það sem þeir borða

ónærur sem við ákveðið þroskastig
eiga að þrauka tímabil án hýsilsins

II.

þeir sleppa aldrei takinu
þó ekkert sé holdið
og enginn sé beinmergurinn

darraðardans mítlanna
og mín
þegar allt verður eitt

metamorfósis

við allar strendur og firði
er sjórinn blóðrauður
en hér er hann dekkri
og í fjarska má greina
eitthvað nafnlaust
að heita megi
einhverslags rými umhverfis tómarúmið
og pöddu sem segir skál í botn
á dansleik sjálfreykjandi vindlinga

höfuðmauk

ljóð mitt
er jörðin er hárlökkur
og dyr á enni
ætluð þér
angandi af hnetum
og púðurreyk
er fjórtán liðamóta
gatnamót og lestarslys
sem mætir efrivörum
leggið við hlustir
það er allt
algjör tilviljun samansafn
tilviljana óteljandi
elskhugar á silfurbakka
logandi fótspor á barmi þínum
ljóðið er úr andlitum og sólum
þræddar á spjótsodda
pennaodda og blekið
flæðir úr kaffibollum
úrvals hráefni
en kokkurinn
treinar aldrei nautnirnar
og leggur allt í einn pott

um leið og þið snúið ykkur undan

penninn getur staðið
á oddinum óstuddur
hann gjóir þá augunum
til mín og spyr

„hvernig finnst þér ég líta út?“
og kannski glitrar hann eilítið
á þessu nýslátraða ikea skrifborði
en það er ástfræðileg staðreynd
að geðbilunin ein kemur reglu
á hlutina algjört kaós umferðarljósín
fást gefins í þrotabúi

því ég má ekki vera að þessu
ég dansa ekki
við uppstrílaðar
slappar blekbyttur
og gríp því stundum í pennann

(ég er óseðjandi)

þér hæfa einungis ljóð
herra kúlupenni

sem ég skrifa
og enginn les

starf mitt felst ekki í því
að snerta þig
varfærnislega
ég strýk aldrei niður eftir
baki þínu og staðnæmist
við kúluna og kyssi hana
fast

nei ég grip fast í þig
og skelli þér aftur
og aftur á hvítt blaðið

verknaðurinn er játning
ég er vakandi ég er sitjandi
ég horfi í kringum mig

„ég nýt þess að finna þig kólna á lim mínum
þegar ég dreg hann út“ hugsa ég UM LEIÐ!

staðið á stól

að skrifa eins og sjón
er að hugsa eins og skordýr
með svartan skrokk
settan appelsínugulum röndum
gegnsjæja glitrandi vængi
og stór skærrauð augu
og spyrja sig hvort flugurnar
sem sækja í bjórinn
séu raunverulegar

gamall (PF **gamlan**, KV **gömul**, MST **eldri**, HST **elstur**)

L **1** aldurhniginn, aldraður (andr. ungur): g. maður; um mælieiningu aldurs: hvað ertu g.? hve g. ertu? sex ára g. **2** fullorðinn, fullvaxinn (einkum um skepnur). **3** forn (andr. nýr); # g. í roðinu (hettunni) sem er lengi búinn að vera á staðnum (í starfinu e.þ.h.); gamli stíll júlíanska tímatalið, júlíanskur stíll **4** sem e.k. gæluorð: [sá] gamli karlanginn, blessaður karlinn [sú] gamla; sá gamli kölski; sú gamla drottningin (í manntafli); í kumpánalegu ávarpi: gamla mín kelli mín, gamla þú, gamli minn! **5** um þann eldri til aðgreiningar frá hinum yngri: Sölvi gamli (eldri); sbr. lítill, ungur.

sjón, -ar -ir KV **1** hæfileikinn til að sjá; það skilningarvit sem notar augun; sjón, heyrn, ilman, smekkur og tilfinning; góð s.; missa sjónina verða blindur.

bókin er skrifuð á stuttum tíma í draumi
þann fjórða desember tvöþúsundogátta eftir neyslu
átta kaffibolla og tuttuguogþriggja sígarettna
í herbergi troðfullu af silfurskottum ljóðabókum sjóns
úrklippum úr morgunblaðinu íslenskri orðabók og
farsíma sem hringdi aldrei þakka þeim sem trufluðu
mig ekki þakka sjón fyrir textana

þessa bók ert þú nú með í höndunum hún er
raunveruleiki guð gefi mér æðruleysi til að sætta mig
við það sem ég get ekki breytt og guð gefi sjón mátt til
að fyrirgefa líkt og ég hef nú þegar fyrirgefið sjálfum
mér þessa útgáfu